



10. febrúar 2020

Tilv.: 20011862

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um innlánsdeildir og hæfisskilyrði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra samvinnufélaga, 150. löggjafarþing, 448. mál

Með tölvupósti dags. 23. janúar 2020 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á ýmsum lagaákvæðum. Í frumvarpinu er annars vegar lagt til að heimild samvinnufélaga til að starfrækja innlánsdeildir verði felld brott og hinsvegar að sömu hæfisskilyrði gildi um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra samvinnufélaga og gilda um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra hlutafélaga og einkahlutafélaga.

Bent er á að Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hefur eftirlit með starfsemi innlánsdeilda samvinnufélaga. Fjármálaeftirlitið hefur verið á þeirri skoðun að ekki sé heppilegt að starfsemi innlánsdeilda fari fram hjá félagi sem lítur ekki varúðarreglum sambærilegum þeim og gilda um viðskiptabanka og sparisjóði. Af þeirri ástæðu hefur Fjármálaeftirlitið lagt til við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið að ákvæði laga um samvinnufélög er varða innlánsdeildir verði tekin til endurskoðunar.

Rétt er að benda á að í aðdraganda málsins hefur Fjármálaeftirlitið þegar farið yfir drög að frumvarpinu og komið sínum sjónarmiðum að. Seðlabankinn gerir ekki sérstakar athugasemdir við efni frumvarpsins, og styður almennt framgang þess, og þakkar um leið fyrir það samráð sem hefur verið viðhaft við samningu frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS


Guðrún Finnborg Þórðardóttir


Grímur Sigurðarson

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 101 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605